

4. gr.

Við virðinguna má ekki taka neitt tillit til þess, sem hér segir: Verðmætis lóðarinnar, legu hússins, verðmætis þess í kaupum og sölum, tekna er það gefur eða réttinda, er því fylgja.

5. gr.

Rita skal allar virðingar í sérstaka virðingabók, sem stjórnarráðið löggildir, og skal hver virðing undirrituð af virðingarmönnum og umboðsmanni viðkomandi tryggingafélags.

6. gr.

Fyrir almenna virðingu á hverri áhættu skal váttryggði greiða sem hér segir:

a. Fyrir hús, sem virt er allt að 3 millj.	kr. 2 520.00
b. Fyrir hús, sem virt er á 3 millj. og allt að 7 millj.	— 3 150.00
c. Fyrir hús, sem virt er á 7 millj. og allt að 14 millj.	— 5 040.00
d. Fyrir hús, sem virt er á 14 millj. og allt að 23 millj.	— 6 120.00
e. Fyrir hús, sem virt er á 23 millj. og allt að 36 millj.	— 7 560.00
f. Fyrir hús, sem virt er á 36 millj. og allt að 50 millj.	— 9 360.00
g. Fyrir hús, sem virt er á 50 millj. og allt að 60 millj.	— 10 800.00

Af því sem umfram er 60 milljónir skal greiða kr. 230.00 fyrir hverja milljón eða brot úr milljón.

Ef einhver virðing er sérstaklega erfið, er ráðuneytinu heimilt að ákveða herra gjald fyrir hana. Umsókn virðingarmanna um slíka hækkun skal fylgja greinargerð ásamt umsögn framkvæmdastjóra viðkomandi váttryggingarfélags.

Nú vill eigandi eða váttryggingarfélag eigi sætta sig við mat hinna dómkvöddu manna og geta þá aðilar skotið málinu til úrskurðar oddamanns, sem þeir koma vera tvöfalt gjald eins virðingarmanns samkvæmt gjaldskránni. Þóknun til hans skal greiðist að hálfu af eiganda húseignarinnar og að hálfu af váttryggingarfélaginu.

Sá aðili, sem eigi getur sætt sig við úrskurð oddamanns, hefur rétt til að óska yfirmats. Yfirmatið skal framkvæmt af þremur mönnum, er viðkomandi fógeti eða sýslumaður skipar. Fyrir slíkt yfirmat greiðist tvöfalt gjald, samkv. ofangreindri gjaldskrá 1/3 til hvers. Kostnað við yfirmat greiðir sá aðili, er matið gengur á móti. Skal frummat teljast staðfest, ef mismunur er undir 10 prósent. Bifreiðakostnaður og ferðakostnaður greiðist samkv. reikningi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. apríl 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 415 7. desember 1976, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

1. Tölulíður 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Í Reykjafjarðarál allt árið á svæði, sem markast að vestan af línu, sem dregin er 50° réttvísandi frá Horni (viðmiðunarstaður 1), og að austan af 20°40'0 v. lgd.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 6.—8. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til effirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. apríl 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

Nr. 172.

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1976.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1976.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum	kr. 23 788
	<hr/>
	Kr. 23 788

Gjöld:

Tekjur umfram gjöld	kr. 23 788
	<hr/>
	Kr. 23 788

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1976.

Eignir:

Bankainnstæður	kr. 178 227
	<hr/>
	Kr. 178 227

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:	
Hrein eign pr. 1. jan. 1976	kr. 154 439
Hreinar tekjur árið 1976	— 23 788
	<hr/>
	kr. 178 227
	<hr/>
	Kr. 178 227

Samgönguráðuneytið, 15. mars 1977.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 173.

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1976.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1976.

Tekjur:

Vextir af bankainnstæðum	kr. 44 417
	<hr/>
	Kr. 44 417